

**Nr. 061 / 11 Finnur HF 12****Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6086  
Smíðaður: Akureyri 1980 plast  
Stærð: 2,9 brl. 3 bt.  
Mesta lengd: 6,96 m Skráð lengd: 6,35 m  
Breidd: 2,4 m Dýpt: 1 m  
Vél: Yanmar 54 kW 1989  
Fjöldi skipverja: 1

**Gögn:**  
Gögn RNS



Finnur©Alfons Finnsson

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. maí 2011 var Finnur HF 12 á siglingu á Faxaflóa. Veður: Austan kaldi

Bátsverji hafði verið á veiðum í Rennunum um 15 sml VNV af Gróttu þegar vélin hitnaði svo að skipstjóri stöðvaði hana. Þegar að var gáð kom í ljós að trissuhjól hafði losnað af kælivatnsdælunni. Festingar hjólsins á dæluöxlinum töpuðust niður í kjalsog og fundust ekki þrátt fyrir mikla leit. Óskaði skipstjóri þá eftir aðstoð.

Björgunarskipið Einar Sigurjónsson var sent Finni HF til aðstoðar og dró hann til Hafnafjarðar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að nýlega hafði verið skipt um kælivatnsdælu við vélina og taldi eigandi að sennilega hafi frágangur ekki verið fullnægjandi öxulbolti ekki full hertur.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.